



## Launasumma og störf - ferðapjónustan orðið langverst úti

Launasumman, þ.e. staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði, hækkaði um 6,9% milli ára miðað við fyrri ársþelming 2021. Launavísitalan hækkaði um 8,3% á sama tíma þannig að heildarlaunatekjur landsmanna hækkuðu minna en fóst mánaðarlaun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% á sama tíma þannig að launasumman hefur hækkað um u.þ.b. 2,5% að raungildi. Eins og gildir jafnan um heildartölur og meðaltöl er mjög mismunandi þróun á bak við þessa tölur.


Sé litið á þróun launasummunnar innan sex atvinnugreina á milli fyrri ársþelminga 2020 og 2021 kemur alls ekki á óvart að ferðapjónustan hefur mjög mikla sérstöðu. Launasumman í einkennandi greinum ferðapjónustu lækkaði um rúm 25% á milli ára. Á hinum endanum eru opinber stjórnsýsla (með fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu) og heild- og smásala með 12% og 11% aukningu launasummu milli ára sé miðað við fyrstu sex mánuðina. Fyrir utan ferðapjónustuna lækkar launasumman einungis í fjármála- og váttryggingarstarfsemi.

### Þróun yfir lengri tíma

Sé litið á þróun launasummunnar yfir lengri tíma á verðlagi hvers árs sést ris og fall ferðapjónustunnar greinilega. Sé miðað við árið 2015 héldust ferðapjónustan og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í hendur fram til 2018/19. Eftir það dró úr vexti ferðapjónustunnar á árinu 2019 og svo kom mikið fall bæði 2020 og 2021 sé litið á fyrri ársþelming hvers árs. Byggingarstarfsemin jókst hins vegar fram til 2019 og hefur haldið stöðu sinni nokkuð síðan þá. Þetta er mikil breyting frá síðustu kreppu þegar byggingarstarfsemin hrundi nær algerlega.

Opinber stjórnsýsla, byggingarstarfsemi og heild- og smásala skera sig nokkuð úr meðal þessara greina hvað aukningu launasummunnar varðar. Stóra myndin er hins vegar sú hvernig þróunin í ferðapjónustunni sker sig algerlega frá hinum greinum.


Breyting launasummu milli fyrstu sex mánaða 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launasumma fyrri ársþelming

Vísitala, 2015 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



## Fjöldi sem fær staðgreiðsluskyld laun

Launafólki sem fékk staðgreiðsluskyldar greiðslur fyrstu sex mánuði 2021 fækkaði um 3,6% frá sama tíma 2020. Raunvirði launasummunnar lækkaði um 1,9% á sama tíma. Kaupmáttur launavísitölu var rúmum 4% hærri á fyrri hluta 2021 en árið áður þannig að þeir sem voru í starfi nutu þess.

Hér er sérstaða ferðapjónustunnar enn meiri en varðandi launagreiðslurnar. Í ferðapjónustunni fækkaði þeim sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur um tæp 33%, á meðan fækkunin í öðrum greinum er mjög lítil. Af þessum greinum fjölga launafólki í byggingarstarfsemi, opinberri stjórnsýslu og sjávarútvegi. Fyrir utan byggingarstarfsemi og ferðapjónustu eru breytingarnar litlar.

Horft yfir lengri tíma er þróunin varðandi fjölda starfsfólks svipuð og var með launagreiðslurnar. Ferðapjónusta og byggingarstarfsemi haldast nokkurn veginn í hendur fram til 2018. Þá skilur á milli og byggingarstarfsemin hefur haldið stöðu sinni síðan og vel það.


Opinbera stjórnsýslan er eina greinin þar sem nokkuð stöðug fjölgun hefur verið á starfsfólki allt tímabilið. Í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og í sjávarútvegi hefur hins vegar verið nær stöðug fækkun allt tímabilið.

## Mikill munur milli greina

Sérstaða ferðapjónustunnar hefur verið mikil hvað launasummu og fjölda starfa varðar og segja má að áhrif kreppunnar á aðrar greinar séu lítil miðað við stöðuna þar. Heild- og smásala hefur siglt nokkuð lygnan sjó, en hagræðing verið mikil í fjármálastarfsemi og sjávarútvegi.


Byggingarstarfsemi og opinber stjórnsýsla hafa vaxið mest á tímabilinu.

Breyting í fjölda launafólks milli fyrstu sex mánaða 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi launafólks fyrstu 6 mánuði ársins



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.